

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra vegna breyttrar landnotkunar á Hvammstanga.

Skipulagsstofnun staðfesti 15. janúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. ágúst 2023.

Í breytingunni felst stækkun íbúðarbyggðar ÍB-1, ÍB-6 og ÍB-7 en á móti minnkar athafnasvæði, iðnaðarsvæði og opið svæði. Þá fellur frístundabyggð F-1 út úr skipulagi en í staðinn er ný verslun og þjónusta VP-10 skilgreind.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 15. janúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 29. janúar 2024